

18. mars 2015

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Staðfestingarbréf þetta er afhent í tengslum við endurskoðun ykkar á ársreikningi Félags framhaldsskólakennara („félagið“) fyrir uppgjörsárið sem lauk 31.12.2014. Okkur er ljóst að staðfesting okkar á þeim upplýsingum sem bréf þetta tilgreinir er mikilvægur þáttur í að gera ykkur kleift að mynda ykkur skoðun á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagslegri stöðu Félags framhaldsskólakennara þann 31.12.2014 og af fjárhagslegri afkomu þess á uppgjörsárinu sem þá lauk í samræmi við lög um ársreikninga.

Við gerum okkur grein fyrir því að tilgangur endurskoðunar ykkar á ársreikningi okkar er að veita álit á reikningsskilunum og að endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, sem felur í sér athugun á bókhaldskerfi, innra eftirliti og tengdum gögnum að því marki sem þið tölduð nauðsynlegt miðað við aðstæður, og að endurskoðunin miðar ekki að því að benda á, né er henni endilega ætlað að upplýsa um, sviksamlegt athæfi, sjóðþurrð, skekkjur eða annað misferli, sé um slíkt að ræða.

Með það í huga staðfestum við eftirfarandi upplýsingar, sem eru réttar samkvæmt okkar bestu vitund, eftir að hafa aflað þeirra upplýsinga sem við töldum þörf á svo við værum sjálf nægjanlega upplýst um viðkomandi atriði.

A. Ársreikningurinn og fjárhagsleg gögn

1. Við höfum uppfyllt skyldur okkar, eins og þær eru tilgreindar í ráðningarsamningnum um endurskoðun dagsettum 26. nóvember 2014, vegna gerðar og glöggrar framsetningar ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.
2. Við viðurkennum ábyrgð okkar, sem stjórnenda félagsins, á glöggri framsetningu ársreikningsins. Við teljum að ofangreindur ársreikningur gefi glögga mynd af fjárhagslegri stöðu, fjárhagslegri afkomu félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og sé án verulegra annmarka, þ.m.t. að ekkert viðeigandi sé undanskilið. Við höfum samþykkt ársreikninginn.
3. Viðeigandi lýsingu á þeim reikningsskilaaðferðum sem þýðingu hafa og notaðar voru við gerð ársreikningsins er að finna í ársreikningnum.
4. Sem stjórnendur félagsins teljum við að félagið búi yfir innra eftirlitskerfi sem er nægilega gott til að unnt sé að útbúa réttan ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga sem er án verulegra annmarka, hvort sem það er vegna sviksemi eða skekkja.
5. Við endurskoðunina hafa ekki verið auðkenndir neinir óleiðréttir mismunir er varða uppgjörstímabilið sem til skoðunar er.

B. Sviksemi

1. Við viðurkennum að við berum ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og viðhaldi innra eftirlits til að koma í veg fyrir og uppgötva svik.
2. Við höfum gert ykkur grein fyrir niðurstöðu mats okkar á því hversu mikil hættu sé á að ársreikningurinn sé rangur í veigamiklum atriðum vegna sviksamlegs athæfis.
3. Við höfum enga vitneskju eða grunsemdir um svik sem tengjast stjórnendum eða öðrum starfsmönnum sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti félagsins með gerð reikningsskila. Ennfremur höfum við ekki vitneskju eða grunsemdir um þátttöku annarra starfsmanna í svikum sem gætu haft markverð áhrif á ársreikninginn. Okkur er ekki kunnugt um neinar ásakanir um fjármálamisferli, þar á meðal svik eða grunsemdir um svik, (án tillits til uppruna eða forms og að meðtöldum, án takmarkana, ásökunum uppljóstrara) sem gætu leitt til annmarka á ársreikningnum eða gætu á annan hátt haft áhrif á reikningsskil félagsins.

C. Fylgni við lög og reglugerðir

1. Við höfum upplýst ykkur um öll þekkt eða grun um brot á ákvæðum laga og reglugerða sem ber að taka tillit til við gerð ársreikningsins.

D. Veittar upplýsingar

1. Við höfum veitt ykkur:
 - Aðgang að öllum þeim upplýsingum sem við vitum til að skipti máli við gerð ársreikningsins, svo sem bókhaldsskrám, bókhaldsgögnum og öðru sem skiptir máli
 - Viðbótarupplýsingum sem þið hafið óskað eftir frá okkur í tengslum við endurskoðunina og
 - Ótakmarkaðan aðgang að starfsmönnum félagsins sem þið hafið talið nauðsynlegt til að afla endurskoðunargagna frá.
2. Allar mikilvægar færslur hafa verið skráðar í bókhaldskerfið og endurspeglast í ársreikningnum.
3. Við höfum látið ykkur í té allar fundargerðir af fundum hluthafa, stjórnarmanna og nefnda þeirra (eða yfirlit yfir ályktanir nýlegra funda þar sem enn á eftir að ganga frá fundargerð) sem haldnir voru á tímabilinu 1.1.2014-31.12.2014 og fram að síðasta fundi sem haldinn var.
4. Við staðfestum að þær upplýsingar sem veittar hafa verið um hverjir eru tengdir aðilar eru tæmandi. Við höfum upplýst ykkur um alla þekkta tengda aðila og sérhver viðskipti tengdra aðila, þ.m.t. sölu, kaup, lán, framsal eigna, skulda og þjónustu, leigusamninga, ábyrgðir, viðskipti önnur en peningaleg viðskipti og viðskipti án endurgjalds á uppgjörstímabilinu, sem og þær fjárhæðir sem slíkir aðilar skulda eða sem félagið skuldar slíkum aðilum við lok tímabilsins. Gerð hefur verið grein fyrir þessum viðskiptum og þau tilgreind með viðeigandi hætti í ársreikningnum.

5. Við teljum að forsendur þær sem við notuðum við að leggja okkar mat á matskennda liði í ársreikningnum, þ.m.t. þá liði sem metnir eru á gangvirði, séu eðlilegar.
6. Við höfum upplýst ykkur um, og félagið hefur staðið við, öll þau samningsákvæði sem gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn ef til vanefnda kæmi, þ.á.m. alla skilmála, skilyrði eða aðrar skyldur sem tengjast öllum ógreiddum skuldum.

E. Skuldir og óvissar skuldbindingar

1. Ykkur hefur verið gerð grein fyrir öllum skuldum og óvissum skuldbindingum, þ.á.m. þeim sem tengjast ábyrgðum, hvort sem þær eru skriflegar eða munnlegar, og hafa þær verið færðar á viðeigandi hátt í ársreikningnum.
2. Við höfum upplýst ykkur um allar útistandandi og mögulegar kröfur og málaferli, hvort sem þær hafa verið ræddar við lögfræðinga eða ekki.
3. Við höfum bókfært og/eða upplýst um, eftir því sem við á, allar skuldbindingar vegna málaferla og krafna, hvort sem þær eru vissar eða óvissar.

F. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

1. Í ársreikningnum hafa engir atburðir orðið eftir lok uppgjörstímabilsins sem þarfnast leiðréttingar eða skýringar í ársreikningnum eða meðfylgjandi skýringum.

Virðingarfyllst,

Formaður Félags framhaldsskólakennara

Skrifstofustjóri KÍ